

Miðvikudaginn 19. maí 1954.

Nr. 87/1952. **Sjómannafélag Reykjavíkur f. h. Jóns Kristóferssonar** (Magnús Thorlacius)

gegn

Skipaútgærð ríkisins (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipaðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skipting bjarglauna milli skipverja á varðskipi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1952. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 68,18 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. ágúst 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Ákvæði 8. gr. laga nr. 32/1935 ber að skýra þannig, að við skiptingu björgunarlauna milli skipverja skuli einungis miða við fastar mánaðartekjur þeirra, en eigi óvissar og óreglulegar aukatekjur, enda bendir meðferð nefndra laga á Alþingi eigi til þess, að löggjafinn hafi viljað skipa þessu á annan veg. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, **Sjómannafélag Reykjavíkur f. h. Jóns Kristóferssonar**, greiði stefnda, **Skipaútgærð ríkisins**, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur Sjómannafélag Reykjavíkur höfðað vegna Jóns Kristóferssonar fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 5. marz 1951, gegn Skipaútgerð ríkisins til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 468,18, auk 6% ársvaxta frá 20. ágúst 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi stefnt eftirtöldum skipverjum varðsksipsins Ægis til réttargæzlu: Eiríki Kristóferssyni skipherra, Magnúsi Björnssyni, Hjörleifi Ólafssyni og Gunnari Bergsteinssyni stýrimönnum, Júlíusi Ólafssyni, Sigurði Þorbjörnssyni, Kristni Ágústi Nathanaelssyni og Lárusi Magnússyni vélstjórum, Steingrими Matthíassyni loftskýtamanni og Elíasi Dagfinnssyni bryta.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 68,18, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara*, að honum verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 6,52 án vaxta. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Réttargæzlustefndu hafa stutt kröfur stefnda í málinu og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 20. ágúst 1950 bjargaði varðskipið Ægir skipinu Tass frá Haugasundi. Var stefnandi háseti á varðskipinu og tók þátt í björguninni. Stefndi samdi fyrir sína hönd og skipshafnar varðsksipsins í samráði við skipstjóra þess um laun fyrir björgunina. Námu björgunarlaunin kr. 55.208,50, og bar skipshöfninni $\frac{1}{4}$ hluti af þeirri fjárhæð eða kr. 13.802,13. Með bréfi, dags. 17. nóv. 1950, tilkynnti stefndi skipstjóra varðsksipsins, að hluti skipshafnar af björgunarlauninum væri í sínum vörzlum og væri til reiðu, hvenær sem fyrir lægi skiptagrundvöllur eða þegar umboðsmaður eða umboðsmenn allrar skipshafnarinnar krefðust greiðslu í heild. Er bréf þetta var ritað, mun hafa verið kominn upp ágreiningur milli yfirmanna varðsksipsins og annarra skipverja um það, hvernig skipta bæri björgunarlauninum milli þeirra. Bréfi stefnda svaraði skipstjórinn hinn 20. nóv. 1950, og segir í svarbréfinu, að yfirmenn skipsins vilji ekki fallast á, að björgunarlaunum verði skipt á öðrum grundvelli en tíðkamt hafi síðustu ár, og telji þeir þau skipti gerð eftir gildandi lögum. Hafði, er ágreiningur þessi kom upp, tíðkamt athugasemdalaust frá því í desember 1945, að stefndi skipti hluta skipshafna varðskipanna í björgunarlaunum milli skipverjanna í hlutfalli við fast mánaðarkaup hvers um sig. Var mál þetta síðan höfðað til úrlausnar um ágreininginn.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 32/1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim, skuli skipta hluta skipshafnar varðsksips í björgunarlaunum milli

skipverja í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers um sig. Mánaðar kaup hans hafi verið kr. 1.521,00, er fyrrgreind björgun fór fram, en með mánaðartekjum beri að telja kaup fyrir eftirvinnu. Hafi kaup hans fyrir eftirvinnu numið kr. 365,00 á mánuði eða mánaðartekjur hans samtals kr. 1.886,00. Í réttu hlutfalli við mánaðartekjurnar hafi honum borið í sinn hlut kr. 468,18 af umræddum björgunarlaunum. Af þeirri fjárhæð hafi hann aðeins fengið kr. 400,00 greiddar, og standi því kr. 68,18 eftir.

Til stuðnings máli sínu hefur stefnandi haldið því fram, að orðið „mánaðartekjur“ hafi verið notað í 8. gr. áðurgreindra laga í því skyni að ná til kaups fyrir eftirvinnu auk fasta mánaðarkauspsins, enda sé kaup fyrir eftirvinnu orðið fastur liður í kaupi skipverja á varðskipunum.

Bendir stefnandi í þessu sambandi á það, að með kjarasamningum hafi skipverjum varðskipanna verið tryggt frá 1. júlí 1951 kaup fyrir eftirvinnu tiltekins lágmarks-stundafjölda á mánuði.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að hann sé ekki réttur aðili málsins. Telur hann, að engin skylda hafi á honum hvílt til að annast skiptingu á björgunarhlut skipverja, enda sé hann ekki bær um það. Hann hafi engin afskipti haft af björgunarlaununum önnur en að semja um þau, veita þeim viðtöku og geyma hlut skipverja, þar til skiptagrundvöllur væri fenginn.

Með tilvísun til 233. gr. siglingalaganna verður ekki á það fallið, að athuguðum greindum afskiptum stefnda, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Verður því sýknukrafa hans ekki tekin til greina.

Varakröfuna reisir stefndi á því, að miða beri skiptingu bjarglauna skipverja varðskipanna við fast mánaðar kaup hvers einstaks þeirra, svo sem gert hafi verið átlöulaust síðan í desembermánuði 1945. Mánaðar kaup stefnanda hafi verið kr. 1.521,00 og hlutur hans af björgunarlaununum í samræmi við það kr. 406,52. Eigi hann því inni kr. 6,52, en þar sem fjárhæð þessi hafi staðið stefnanda til boða, sé málssókn þessi tilefnislaus.

Stefndi hefur andmælt þeirri staðhæfingu stefnanda, að orðið „mánaðartekjur“ hafi verið notað í 8. gr. nefndra laga frá 1935 í því skyni að ná til kaups fyrir eftirvinnu, og hefur stefnandi ekki gegn mótmælum hans sannað þessa staðhæfingu sína.

Í nefndu ákvæði segir, að hlutur skipshafnar varðskipis í björgunarlaunum skiptist „milli skipverja í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers þeirra“. Telja verður, að ákvæði þetta eigi í þessu sambandi einungis við fast mánaðar kaup og fastar mánaðarlegar aukatekjur, en ekki kaup fyrir eftirvinnu. Voru slíkar tekjur á þeim tíma, er ákvæðið var sett og björgunin fór fram, óvissar og allmjög undir tilviljun komnar. Mundi það því raska réttlátri skiptingu björgunarlaunanna milli skipverja, ef skipting launanna ætti einnig að miðast við þær. Verður stefndi því aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 6,52 án vaxta. En eftir öllum atvikum þykir rétt, að

málskostnaður falli niður, að því er alla aðilja málsins varðar.
Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-
dómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Jónasi Jónassyni
skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Sjómannafé-
lagi Reykjavíkur f. h. Jóns Kristóferssonar, kr. 6,52 innan 15
daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 24. maí 1954.

Nr. 43/1954. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn
Roger Coulier (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimanna-
skólans markað á sjóupprátt stað varðskipsins við dufl það,
er sett var út við stefni togara ákærða 12. marz þ. á., og
reyndist staðurinn vera um 2.2 sjómílur innan fiskveiðitak-
markanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun
til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við
lagaákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi.
Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzkrar
krónu hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að
staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu
sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan
áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutnings-
laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr.
1.200,00 til hvors.